

25

18. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 16 6. apríl 1939, um breyting á lögum nr. 68  
28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laga nr. 68 28. des. 1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal kjósa í útvarpsráð samkv. lögum þessum á þingi því, er nú situr, og fellur þá niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

*Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

26

18. febr.

## L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi útsala verið stofnsett, verður hún ekki lögð niður aftur, nema því aðeins, að atkvæðagreiðsla fari fram og samþykkt sé að loka áfengisútsöluinni með meiri hluta atkvæða.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu fram fara, er  $\frac{1}{3}$  hluti kjósenda eða meiri hluti sýslunefndar eða bæjarstjórnar í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi krefst þess.

Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

## 2. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álitur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast löggin gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.

26

18. febr.

*Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

## L Ö G

27

18. febr.

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er, á meðan núverandi styrjöld stendur, heimilt að banna töku ljósmynda á tilteknum svæðum á landi eða í landhelgi og af tilteknum hlutum, mannvirkjum eða stöðum. Bann þetta getur bæði verið algert og vissum skilyrðum bundið.

## 2. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin bannað töku ljósmynda á tilteknum svæðum, og er henni þá heimilt að mæla svo fyrir, að allir þeir, sem um þau ætla að fara með ljósmyndavélar, skuli afhenda þær þeim aðilum, sem til þess kunna að verða settir og sjá skulu um, að þær komist á leiðarenda, eða innsigla þær tryggilega, og mega aðilar þá halda vélunum í vörzlu sinni.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða nánar á með reglugerð um efni það, er í 1. og 2. gr. segir.

## 4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, sbr. 2. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrir mælum laga þessara, má gera upptækar með dómi.

## 5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*